

Olíudreifing ehf
Gestur Guðjónsson
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri, 26. júní 2013
Tilvísun: UST20120700125/gsá

Staðfesting á úrbótum móttækin - máli lokið


Umhverfisstofnun vísar í bréf með eftirlitsskýrslu, dags. 30. júlí 2012, þar sem fjallað er um eitt frávik frá starfsleyfi, sem kom fram við reglubundið eftirlit hjá olíubirgðastöð Olíudreifingar á Neskaupsstað þann 20. júní sl., er varðar að ekki var búið að mæla botn og neðsta umfar geymis nr. T0056.


Rekstraraðili hefur nú skilað inn botnþykktarmælingum og lítur Umhverfisstofnun á þetta sem fullnægjandi úrbætur og mun ekki aðhafast frekar vegna þessa fráviks.

Hér með staðfestist að olíubirgðastöð Olíudreifingar á Neskaupsstað, hefur bætt úr því frávikum sem kom fram við reglubundið eftirlit ársins 2012.

Beðist er velvirðingar á því hversu seint bréfið berst.

Virðingarfyllst


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri


Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur